

Fyrirspurn E 16/2024  
Fyrirspyrjandi Bryndís Haraldsdóttir  
Til Ríkisstjórna Norðurlanda

## E 16/2024 Skrifleg fyrirspurn um móttöku flóttafólks

### Til ríkisstjórna Norðurlanda

Málefni flóttafólks er stór áskorun bæði á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum. Aldrei hafa fleiri verið á flóttu í heiminum og í dag. Norðurlöndin eru þekkt sem vel-ferðarríki og því er eftirsótt að búa í þeim. Margt er líkt með löggjöf norrænu landanna á ýmsum sviðum. Lög um móttöku flóttafólks byggja í grunninn á Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna og samræmdum reglum ESB og Schengen-svæðisins.

Útfærsla og innleiðing laganna er að sjálfsgöðu innanríkismál. Norðurlöndin geta þó lært af hvert öðru um lagaramma og innleiðinguna, ekki síst að því er varðar inngildinguna og aðlögun erlendra ríkisborgara.

Mikill fjöldi fólks hefur sótt um alþjóðlega vernd á Norðurlöndum og norrænu löndin standa frammi fyrir svipuðum áskorunum á þessu sviði. Auk þess reynist afgreiðsla mála oft erfið, sem og brottvísun einstaklinga sem fá umsókn um alþjóðlega vernd hafnað og vilja ekki snúa aftur til heimalands síns af sjálfsdáðum. Það gæti verið norrænu löndunum til góðs að grípa til sameiginlegra aðgerða á þessu sviði og samræma ráðstafanir fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla skilyrði fyrir alþjóðlegri vernd.

### Með hliðsjón af þessu eru eftirfarandi spurningar bornar fram:

- Við hvaða lönd hafa ríkisstjórnir Norðurlandanna gert samning um móttöku eigin ríkisborgara ef umsókn um alþjóðlega vernd er hafnað?
- Hvert er umfang samstarfs milli ríkisstjórna Norðurlandanna um umsóknir um alþjóðlega vernd og hvernig er því háttað?
- Er áhugi fyrir frekara samstarfi milli ríkisstjórna Norðurlandanna, til dæmis um þróun sameiginlegrar áætlunar um umsækjendur um alþjóðlega vernd?

Reykjavík, 17. maí 2024  
Bryndís Haraldsdóttir